

Skipulagsstofnun
b.t. Tinnu Jónsdóttur
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 18. febrúar 2021
UST202102-064/Í.M.J.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matskyldufyrirspurn - tilraunaeldi á *Seriola dumerili* á vegum Stolt Sea Farm Iceland hf. á Reykjanesi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Stolt Sea Farm Iceland hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar tilraunaeldi á gullinrafa (*Seriola dumerili*) á starfsstöð fyrirtækisins að Vitabraut 7 á Reykjanesi. Rekstraraðili hefur heimild fyrir 2000 tonna ársframleiðslu á senegalflúru á starfsstöðinni í nágildandi starfsleyfi. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að lífmassi gullinrafa verði að hámarki 30 tonn hverju sinni.

Fyrirhugað er að flytja inn 7-10.000 gullinrafaseiði sem hvert vegur u.þ.b. eitt gramm. Seiðin verða í fyrstu alin innandyra í tönkum sem ekki eru í notkun í núverandi framleiðslu. Komið verður upp fjórum 500 m³ körum á lóð fyrirtækisins þar sem fiskurinn verður alinn úr 250 g í sláturstærð.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Fram kemur í tilkynningarskýrslu að með breytingunni muni vatns- og fódurnotkun aukast lítillega. Notaðar verði gildir á frárennsli til að varna gegn slysasleppingum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að varnir gegn slysasleppingum séu eins og best verður á kosið þar sem um er að ræða ræktun á framandi lífverum. Í nágildandi starfsleyfi kveður á um að rekstraraðili skuli beita bestu aðgengilegri tækni við mengunarvarnir. Umhverfisstofnun telur ólíklegt að framkvæmdin hafi í för með umtalsverð áhrif á umhverfið.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun tilkynningarskýrslu um losun næringarefna frá eldinu ekki nægilega ítarleg. Fyrir endurskoðun á starfsleyfi mun Umhverfisstofnun krefjast ítarlegri upplýsinga frá rekstraraðila um útreikninga á losun frá eldinu og forsendur þeirra.

Starfsleyfi

Að mati Umhverfisstofnunar er um að ræða breytingu á eðli starfseminnar sem krefst endurskoðunar á skilyrðum starfsleyfis sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Endurskoðun á starfsleyfi getur leitt til útgáfu nýs starfsleyfis fyrir starfseminni.

Innflutningur á framandi lífverum

Samkvæmt 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að flytja inn framandi lífverur nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Með umsókn um innflutningsleyfi skal fylgja áhættumat sem umsækjandi hefur aflað og skal þar m.a. koma fram mat á hættu á því hvort viðkomandi lífverur séu ágengar og þeim áhrifum sem það kann að hafa á líffræðilega fjölbreytni. Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn rekstraraðila fyrir innflutning á *Seriola dumerili* seiðum.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ferli umhverfismats í þessu tilfalli ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á áhrif framkvæmdar á umhverfið. Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegri tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með umtalsverð áhrif á umhverfið og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur

Sigurður Ingason
sérfræðingur